



Reykjavík, 10. apríl 2024

Fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Málefni: Endurskoðun fjármála- og efnahagsráðherra á kröfum um þjóðlendur á svæði 12, eyjum og skerjum

Vísað er til bréfs fjármála- og efnahagsráðherra til óbyggðanefndar, dags. 5. apríl 2024, þar sem því er lýst yfir að ráðherra hafi ákveðið að taka kröfugerð ríkisins á svæði 12 til ítarlegrar endurskoðunar í því skyni að útfæra afmörkun kröfusvæðisins og kröfulýsingarinnar með nákvæmari hætti. Fram kemur að stefnt verði að því að skýra kröfur íslenska ríkisins eins og kostur er, fækka ágreiningssvæðum og einfalda meðferð málsins. Í bréfinu er farið fram á að óbyggðanefnd fresti frekari málsmeðferð á svæðinu og veiti ráðherra frest til að endurskoða kröfur ríkisins. Í kjölfarið verði landeigendum veittur frekari frestur til að lýsa sínum kröfum.

Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, veitti óbyggðanefnd upphaflega þeim sem telja til eignarréttinda á svæðum sem ríkið lýsti kröfum til frest til að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni til 15. maí 2024. Á fundi nefndarinnar 4. apríl 2024 var ákveðið að framlengja þann frest til 2. september 2024, m.a. vegna þess að vinnu við kortagerð vegna krafna ríkisins væri ekki lokið. Sú vinna stendur yfir og hefur það markmið að skýra eins og kostur er afmörkun málsmeðferðar-svæðisins og kröfusvæðis ríkisins. Einnig var litið til þess að lögmaður ríkisins hefði upplýst nefndina um tilteknar leiðréttingar á kröfugerð ríkisins og líklegt væri að frekari endurskoðun færi fram, sbr. bréf lögmanns ríkisins, f.h. fjármála- og efnahagsráðherra, til óbyggðanefndar 27. mars 2024.

Þar sem óbyggðanefnd hefur þegar framlengt kröfulýsingarfrest landeigenda á svæði 12 til 2. september 2024 telur nefndin að fjármála- og efnahagsráðherra hafi svigrúm til að endurskoða kröfugerð ríkisins innan þess tíma, svo sem boðað er í bréfi ráðherra til nefndarinnar. Verði þeirri endurskoðun ekki lokið innan hæfilegs tíma fyrir 2. september kemur til greina af hálfu nefndarinnar að framlengja frestinn frekar til að tryggja að hugsanlegir gagnaðilar ríkisins hafi nægan tíma til að bregðast við endurskoðuðum kröfum ríkisins og eftir atvikum lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd. Nefndin leggur hins vegar ríka áherslu á að boðaðri endurskoðun fjármála- og efnahagsráðherra á kröfum ríkisins verði hraðað eins og kostur er svo að afstaða ríkisins liggi fyrir sem allra fyrst, enda hafa fjölmargir landeigendur þegar hafið vinnu við að bregðast við upphaflegri kröfugerð ríkisins.

Virðingarfyllst, f.h. óbyggðanefndar


Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri

Afrit: Edda Andradóttir, lögmaður íslenska ríkisins.